

Skipulag

Fundarboðandi:	Viktor S. Pálsson	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þóra Jónasdóttir	Dagsetning:	10. apríl 2025
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	13:00 – 15:00

Þátttakendur: Þóra Jónasdóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) og Hilmar Vilberg Gylfason, (f.h. Bændasamtaka Íslands). Áheyrnarfulltrúar: Andrés Ingi Jónsson (f.h. DÍS) og Brigitte Brugger (f.h. DÍ).

Dagskrá

1. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum.

Á fund ráðsins komu Ingvar Hjálmarsson, Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir og Jón Bjarnason til að veita nánari upplýsingar um meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum og svara spurningum fagráðsmanna.

Málið verður unnið áfram af nefndarmönnum milli funda.

Ingvar Hjálmarsson, Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, Jón Bjarnason og Brigitte Brugger véku af fundi.

2. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

a. Titill umsóknar: „Svipgerðargreining á stofni sebrafiska með erfðabreytingu á RBM12 geni“.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

Anna Berg fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

b. Titill umsóknar: Erfðalegur uppruni íslenskra hænsna“.

Fagráð ákveður að fresta afgreiðslu málsins og leitað verði eftir svörum ábyrgðarmanns varðandi umfang og aðferðir við öflun erfðaefnis.

Egill Þorri Steingrímsson sviðstjóri hjá Matvælastofnun kom inn á fundinn undir þessum fundarlið og vék af fundi að honum loknum.

Hilmar Vilberg óskaði eftir að bókað yrði hann teldi verkefnið félli ekki undir reglugerð nr. 460/2017 um velferð dýra sem notuð eru í vísindaskyni og því þyrfti ekki leyfi til dýratilrauna og málið ætti ekki að heyra undir fagráðið.

Anna Berg óskaði eftir að bókað yrði hvort hægt væri að nota aðrar aðferðir við öflun erfðaefnis, s.s. með greiningum á eggjum eða fiðri sem fengið væri með öðrum hætti en með því að plokka fjaðrir af fuglum.

3. Lausaganga búfjár og umferð.

Málinu frestað til næsta fundar.

4. Drög að dagskrá næsta fundar.

- a. Umsóknir um leyfi til dýratilrauna.
- b. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum.
- c. Lausaganga búfjár og umferð.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður haldinn mánudaginn 5. maí 2025, kl. 14:00 – 16:00.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.